

FUNDARGERÐ

123. stjórnarfundur KRAFT

123. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á netinu (Zoom)
8. febrúar 2021 kl. 20.15

Fundarmenn : Gry, Auðunn, Þórunn, Lára og Laufey.
Inga María og Aron Ingi komust ekki á fundinn.
Muggur forfallaður.
Fundarritari : Laufey.

1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

2. BREYTINGAR Á REGLUGERÐUM OG LÖGUM KRAFT (FYRIR KRAFTLYFTINGAÞING)

Á síðasta fundi fór laganefnd yfir tillögur um breytingar. Þórunn hreinritaði breytingar og hafði sent á stjórn til yfirlustrar og samþykkis :

- **Reglugerð um mótahald**
Samþykkt á stjórnarfundum 8. febrúar 2021.
- **Reglugerð um félagsaðild**
Samþykkt á stjórnarfundum 8. febrúar 2021.
- **Lög KRAFT**
Ákveðið að biðja með samþykki þar til á næsta stjórnarfundum. Þórunn sendir lögum með breytingatillögum á stjórnina.

3. AFREKSSJÓÐUR

- Búið er að skila inn samningi í tvíriti til ASJ. Í samningi við afreksfólk er samningurinn á milli KRAFT og einstaklingsins og hans félags (félagið fær ekki hluta af peningastyrknum).
- Stjórnin mun setja upp skipulag fyrir styrkveitingar vegna landsliðsverkefna 2021. Styrkveitingar verða settar upp með hliðsjón af skipulagi 2019, svo framarlega að fjármunir leyfa.
- Styrkir til A-landsliðs og B-landsliðs (opinn flokkur) til að nota fagteymi verða óbreyttir frá sl. ári en verða endurskoðaðir um mitt ár. Það verður skoðað hvort það sé svigrúm til að styrkja unglingsflokkinn.
- Aron og Þórunn gera greinargerð um Afrekssjóð og styrkveitingar.

3. KRAFTLYFTINGAÞING

- Þingið verður laugardaginn 20. mars 2021 kl. 11-13.
- Þar sem enn er ekki breyting á samkomubanni (max 20 manns) í fyrirsjáanlegri framtíð var ákveðið að fundurinn verður á ZOOM.
- Stjórnin ásamt fundarstjóra mun verða saman í húsakynnum ÍSÍ. Gry pantar fundarherbergi.
- Gert er ráð fyrir að nota spjallið á ZOOM forritinu til að senda inn „JÁ“ eða „NEI“ við kosningar.
- Kjörbréf þarf að senda á KRAFT í gegnum tölvupóst, nóg að senda mynd eða skann af kjörbréfi.
Frestur :19. mars 2021.

- Aron Gauti gerir tilbúna ársreikninga fyrir þingið.
- Lagt til að fá Valdimar Leó Friðriksson formann UMSK til að vera fundarsjótora. Gry heyrir í honum.
- Uppstillinganefnd : Þórunn (formaður), Inga María og Laufey
- Kraftlyftingafólk ársins fær verðlaun á fundinum. Lára nær í verðlaunagripi.
- Á síðasta þingi var ákveðið að nota DOTS stigakerfið í eitt ár til prufu. Stjórn leggur til að á þinginu verði lögð fram tillaga að nýja IPF GL stigakerfið verði notað hér eftir. Þórunn heyrir í Aroni Friðriki.
- Umræða um mótamál. Stjórn var sammála um að rétt sé að skoða að á þinginu leggi stjórn fram tillögu um endurskoðun á mótamálum. Umræða varð um hvernig er best að standa að breytingum. Ákveðið að stjórnarmenn setji niður sínar tillögur á blað til að ræða á næsta stjórnarfundum.

4. VERUM HRAUST

ÍSÍ hefur óskað eftir því að KRAFT (eins og önnur sérsambönd undir ÍSÍ) sendir þeim nokkrar setningar um sína íþrótt, ásamt góðum myndum úr íþróttinni. Á síðasta fundi var ákveðið að Lára og Laufey myndu gera þetta en það hefur ekki náðst enn. Er s.s. í vinnslu.

5. ÖNNUR MÁL

- Gry heyrir í Róberti Kjaran. Hann ætlaði að gefa verð í kostnað á nýju mótaumsýslukerfi.
- Á RIG þar sem engir áhorfendur voru leyfðir kom skýrt í ljós mikilvægi streymis og gæði þess. Ákveðið að Gry heyrir í Hauk í HljóðX og fái ráðleggingar hvernig er best að standa að slíkum málum í framtíðinni.
- ÍSÍ hefur óskað eftir um að fá starfsskýrslu KRAFT fyrir árið 2020, deadline 15.apríl . Lára mun sjá um hana.

6. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

7. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.21.45